


SIEMENS




Sjónvarpstæki



Sjónvarps-
myndavélar



Hljómtækja-
samstæður



Ferðaviðtæki



Útvarpsvekjarar

Gæðatæki fyrir þig og þína!

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 - Sími 28300

Sverð og vog

Bækur


Gylfi Knudsen

Ármannsbók. Afmælisrit helgað Ármanni Snævarr. Sögufélag. Reykjavík 1989. 367 bls.

Nokkuð hefur færst í vöxt hin síðari ár að safnað er saman vísindalegum ritgerðum ýmissa manna og gerð bók úr efniviðnum, sem gefin er út sem nokkurs konar afmælisgjöf á stórafmælum manna, oftast atkvæðamikilla fræði- og vísindamanna. Reyndar geta slík afmælisrit verið með öðrum hætti, t.d. úrval ritgerða eftir afmælisbarnið, greinar um það, viðtöl eða blanda af þessu öllu saman. Venjulega er í slíku riti „tabula gratulatoria", sem er nafnaskrá þeirra sem heiðra vilja afmælisbarnið með því að gerast áskrifendur að ritinu. Þá er oft í slíkum ritum skrá um ritverk afmælisbarnsins. Þessi fallegi og gagnlegi siður virðist ekki jafntíðkaður í öllum fræðigreinum hérlendis. Það er einkum í íslenskum fræðum, sagnfræði, hagfræði og lögfræði, að menn ráðast í slíka afmælisviðhöfn.

Þessi siður er ekki nýr af nálinni hér á landi þótt hans fari ekki að gæta að marki, fyrr en undir miðja þessa öld. Fyrsta íslenska ritið af þessu tæi er talið „Þrjár ritgjörðir" tileinkaðar Páli Melsteð á áttræðisafmæli hans 1892. Kunnastur var Páll sem sagnfræðingur og kennari við Lærða skólann, en einkum þó sem sérstakur öðlingur og göfugmenni. En próf hafði hann aðeins í lögfræði, hið minna lagapróf, svonefnt danskt próf. Hinir „latnesku júristar" töldu hans líka auvirðilega „danska kúska". Ekki reyndust „kúskarnir" þó ver en þeir sem fullkomnari prófin höfðu. Nokkru síðar en 1905 var skáldjöfurinn sr. Matthías Jochumsson heiðraður á sjötugsafmæli sínu með riti nokkru. Af lögfræðingum næst á eftir Páli hlotnaðist Einari Arnórssyni afmælisrit á sextugsafmæli sínu 1940. Þá Ólafi Lárussyni sjötugum 1955. Af lögfræðingum, sem notið hafa slíks heiðurs á síðari árum, minnist undirritaður Auðar Auðuns og Ólafs Jóhannessonar. Geta má þess til gamans að einum manni var „júblað" í tvígang með afmælisriti. Það var auðvitað Sigurður Nordal sem hlaut bæði „Nordælu" og „Á góðu dægri".

Það var vel til fundið þegar dr. jur. Ármann Snævarr, fyrrv. háskólarektor og hæstaréttardómari, varð sjötugur 18. september sl. að ráðast í útgáfu veglegs afmælisrits honum til heiðurs svo atkvæðamikill sem hann hefur verið í fræðunum og brennandi í andanum. Ármann er þjóðkunnur maður sem lagt hefur gjörva hönd á margt í fræðum, félagsmálum og embættisstörfum. Meginstörf hans hafa þó verið lagakennsla og dómstörf í Hæstarétti. Nokkrir gamlir nemendur og vinir Ármanns gengust fyrir útgáfu ritsins en Sögufélagið gefur það út.




Ármann Snævarr

Í ritinu eru 18 ritgerðir eftir jafnmarga höfunda auk ritaskrár afmælisbarnsins og æviágrips þess, nafnaskrár (tab. grat.) og kveðja frá nokkrum samtökum. Af ritgerðunum eru 9 eftir Íslendinga og 9 eftir fræðimenn annars staðar á Norðurlöndum. Er það vel við hæfi, þegar litið er til þess, hve hagvanur Ármann er í norrænu lögfræðingasamfélagi, ef svo má að orði komast, og góðkunnur meðal norrænna lagamanna. Þessar erlendu ritgerðir eru eftir ýmsa af fremstu lögfræðingum Norðurlanda.

Ritgerðirnar í bókinni eru allar um lögfræðileg efni en engu að síður mjög fjölbreytilegar. Fyrsta ritgerðin er um „framiljebegreppet" í Svíþjóð nú á tímum en sú síðasta um vígsakir hér á landi á 14. öld. Gefur það nokkra hugmynd um hið fjölskrúðuga efni. Til frekari glöggvunar má nefna að í bókinni eru ritgerðir um efni úr skaðabótarétti, samningarétti, þjóðarétti, réttarfari, skattarétti, gjaldþrotarétti, sjórétti, sifjarétti, réttarheimspeki, lagaskilarétti, réttarsögu og félagsmálarétti. Auðvitað eru ritgerðirnar misjafnar að gæðum eins og gengur og er ekkert við því að segja. Í sumum er meira færst í fang en öðrum en engin getur þó beinlínis talist léleg. Ef eitthvað er virðist hér meira af bitastæðu efni en venjulegast er í slíkum ritum. Þá er í ýmsum ritgerðanna fjallað um efni, sem er ofarlega á baugi um þessar mundir.

Sá, sem hér heldur á penna, hefur ekki bréf upp á það að gagnrýna þessar ritgerðir fræðilega, enda engan veginn fær um það. Það er hlutverk annarra á öðrum vettvangi að sinna þeirri skyldu, sem reyndar er illa rækt hér á landi. Ég tel hins vegar rétt að gefa lesendum blaðsins örlitla innsýn í efni bókarinnar, svo að þeir fái einhverja hugmynd um heilabrot lögfræðinga nú um stundir. Þá frásögn mína verður að skoða sem einhvers konar leiðslubókmenntir. Verður byrjað á hinum erlendu höfundum.

Að framan var drepið á grein um fjölskylduhugtakið í Svíþjóð, sem svenskir elta nú um krákustíga velferðarkerfisins. Um það ritar Anders Angell, prófessor við Uppsalaháskóla. Johannes Andenæs, fyrrv. prófessor við háskólann í Osló, á hér ritgerð um vitnaleiðslur barna í sakamálum. Edward And-



Helgi Þorgils Friðjónsson



Hallgrímur Helgason

Framsækni og metnaður

Andlitsmyndir

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Í vestari gangi Kjarvalsstaða hafa þeir kumpánar *Hallgrímur Helgason* og *Helgi Þorgils Friðjónsson* komið fyrir all sérstæðri sýningu. Sérstæðri fyrir þá sök, að slík vinnubrögð í málverki hafa ekki sést frá þeirra hendi opinberlega áður.

En málarar eru nú vanir að geta komið mönnum á óvart, því að margir þeirra búa yfir fjölhæfni, sem þeir þó í mörgum tilfellum fara leynt með og þá einkum ef að þeir vilja mála í samræmi við list dagsins eða réttara það sem er þeirra bjargfasta trú, að sé list dagsins. Ekki er þó um neitt hliðarspor að ræða hjá hinum framsæknu ungu málurum, heldur gæti ég best trúað, að þessar innhverfu myndir afhjúpi meira af þeirra eigin sjálfi en margt það, sem helst hefur þótt kennimark þeirra fram að þessu og er sennilega vænlegra til að vekja athygli djúptþenkjandi fræðinga.

Upprunaleg list og staðbundin telst innhverf, en alþjóðleg viðhorf úthverf og þó er það svo að ekki er mögulegt að vera alþjóðlegur nema að vera innhverfur um leið.

Það sem og vakti sérstaka athygli mína á sýningunni var, að það eru einmitt myndir af nánustu vinum og ættingjum, sem hafa yfir sér heimslegasta yfirbragð og eru afdráttarlausastar í útfærslu. Vísa ég máli mínu til áréttingar til mynda Hallgríms af Helga Þorgils (7), sjálfsmynd (15), mynd af móður hans (16), tengdamóður (17), eiginkonu (18) og ömmu (20).

Myndir Hallgríms eru einfaldar í tækni, og þær einkennir hrein og klár áferð ásamt því, að þær eru í senn nútímalegar sem sígildar í útfærslu. Það er eitthvað fínt og vatnstært við þær, formin heil og hnitmiðuð, og ég minnist ekki að hafa séð jafn hrein og myndræn vinnubrögð frá hendi þessa listamanns í annan tíma.

Hvað Helga Þorgils snertir, er svipaða sögu að segja af myndum hans, nema að þær eru litríkari og sígildari í útfærslu. Elstu andlit hans af Ingólfi Arnarssyni (3) og Gunnari Harðarsyni (4) (1986) eru nokkuð sér á báti og formið lausara. En nýjustu myndir hans bera örygginu vitni svo sem sjálfsmyndin (6), myndin af Hallgrími (8), Tuma Magnússyni (9), Eggerti Péturssyni (11) og eiginkonunni (12).

Þessi sýning kom mér nokkuð á óvart og þótti mér uppörvandi að skoða hana vegna hinna þróuðu og einlægu vinnubragða, en þó er sá ljóður á henni, að sýningarskrá vantar og númerin við hlið myndanna eru alltof lítil.

Því verður ekki á móti mælt, að það er margt og mikið að gerjast í myndum *Margrétar Jónsdóttur* og að athafnir hennar einkenni mikill metnaður og dirfska.

Ekki eru margir mánuðir liðnir frá því að hún sýndi með föður sínum, myndhöggvaranum Jóni Benediktssyni, í FÍM-salnum og nú er hún mætt aftur til leiks og með sýningu á stórum dúkum í vestri sal Kjarvalsstaða. Hún var einnig með stóra dúka á fyrri sýningunni, en munurinn er sá, að þeir nutu sín alls ekki í hinum þröngu verslunarhúsakynnum á Garðastræti. Hins vegar eru Kjarvalsstaðir eins og sniðnir fyrir þessa tegund myndlistar, er byggist á yfirstærðum og ábúðarmiklum formum. Það verður deginum ljósara, um leið og inn í salinn kemur, að hér er um að ræða langsamlegast öflugasta framtak Margrétar Jónsdóttur til þessa og að hér er á ferð listakona í ríkandi framsókn.

Þó ekki endilega fyrir það, að yfir myndunum sé tiltakanlega persónulegur blær, því að maður kennir sterkan skyldleika við ýmsa þætti nýja málverksins svonefnda. Þannig sækja sumir myndþættirnir jafnvel skyldleika til frumstæðrar listar og galdratrúar eins og t.d. hinn ástþrungni vöxtur úr trjábolum og útferð úr munni og mannslimum, en það gerir einmitt fjölmargt í nýbylgjunni ekki síður en í öðrum tegundum núlista aldarinnar.

Það eru ófreskar kynjaverur, sem reika um svið myndheims listakonunnar, og að því er virðist eru þær í flestum tilvikum karlkyns, svo að karlpeningurinn sýnist henni jafn mikil uppspretta myndefna og kvenkynið hefur verið karlmálurunum um aldir. Kannski er hér kominn enn einn angi jafnréttis og kvenfrelsis!

Um sumt virðist Margrét og vera að feta í fótspor ýmissa stórtækra málara nýja málverksins af hinu kyninu svo sem Sigurðar Örlygssonar, því að þótt myndirnar á sýningunni séu einungis fimmtán að tölu, þá fylla þær salinn algjörlega. En sem listamenn eru þau þó gjörólík að upplagi. Það eru myndirnar á endaveggjunum, sem vekja strax athygli skoðandans fyrir markviss og heilsteypt vinnubrögð, en þær nefnast hvor um sig „Still life" (nr. 4 og 5) og „Af moldu ertu kominn og að moldu skalt þú aftur verða" (nr. 11 og 12).



Margrét Jónsdóttir

Einkum eru það hinar síðasttöldu, er mér þótti til um og standa fullkomlega fyrir sínu eftir endurteknar skoðanir, en hins vegar kenni ég einhverja áferð á hinum myndunum, sem ég er ennþá ekki alveg sáttur við.

Auðvitað eru myndirnar á sýningunni æði misjafnar, enda ekki við öðru að búast, er lagt er í slík vinnubrögð, en það má finna fjári góða hluti í þeim flestum, þótt formið eigi það til að gerast nokkuð klunnalegt á köflum og að endar virðast ekki alltaf ná saman varðandi rismikla og samfellda heild.

Einkennilegt að söfnin skuli ekki taka við sér í þessu tilviki og kannski er hér lifandi komin hin margumrædda karlremba, því að slíkt framtak og slík dirfska kallar á umbun og uppörvun.

Morgunblaðið
Áskriftarsíminn er 83033